

Mánudaginn 20. marz mánaðar.

Nr. 36/1892:

J. V. Havsteen

gegn

hreppsnefnd Hrafnagilshrepps.

D ó m u r :

Haustið 1891 lagði hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi á áfrýjandann, vicekonsúl J. V. Havsteen á Akureyri sem ábúanda á hjáleigunni Barði í tjeðum hreppi, aukaútsvar til hreppsins, að upphæð kr. 14,33, og þegar áfrýjandinn skoraðist undan að greiða gjald þetta, krafðist hreppsnefndin þess, með skýrskotun til laga nr. 12, 9. ágúst 1889, og laga nr. 29, 16. desbr. 1885, 1. gr. 1, að gjaldið væri tekið lögtaki hjá honum. Þessi krafa hreppsnefndarinnar var síðan gegn mótmælum áfrýjandans tekin til greina með úrskurði bæjarfógetans á Akureyri 19. marz f. á. og fór lögtakið fram sama dag, þannig, að tekið var lögtaki til lúknningar útsvarsupphæðinni og áföllnum kostnaði alls kr. 18,58, eptir ávísun áfrýjandans 1 sjal virt á kr. 5,50 og $(25 + 20 + 24) = 69$ ál. af þrennskonar vefnaðarvöru, er var virt á kr. 14,32, eða alls vörur fyrir kr. 19,82. Þessum fógetaúrskurði og lögtaki hefur áfrýjandinn, að fengnu uppreistarleyfi dags 29. ágúst f. á., áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefni 6. septbr. s. á., og hefur hann krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgjörð verði úr gildi felld sem ólögleg, að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til að greiða fullt andvirði hinna lögteknu muna, kr. 19,82, og auk þess skaðabætur fyrir allan halla, er hann hafi beðið af lögtakinu, þar með taldar bætur fyrir tort og kreditspilde eptir óvilhallra manna mati, og að hrepps-

nefndin verði dæmd til að greiða honum málskostnað allan að skaðlausu. Hin stefnda hreppsnefnd hefur aptur krafizt þess, að hin áfrýjanda lögtaksgjörð verði látin óröskuð standa, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Eptir skýrslum málsins hefur áfrýjandinn, sem er búsettur á Akureyri, um nokkur undanfarin ár, eitt í senn, þar á meðal fardagaár það, er hjer er um að ræða, haft byggingu fyrir hjáleigunni Barði í Hrafnagilshreppi, að undanskildum jarðarhúsum og kúgildum, sem af eigandanum hafa verið leigð öðrum manni, og eru afnot áfrýjanda af jörðinni í því fölgín, að hann lætur rækta og slá tún og engi jarðarinnar og flytur síðan heyið allt heim til sín á Akureyri, þar sem skepnur hans eru. Hann hefur enga skepnu á jörðinni og engan mann þar að staðaldri, en lætur flytja áburð á túnið frá Akureyri, og vinna síðan á velli þar, og tekur þetta um tveggja vikna tíma, en til að slá og hirða tún og engi gengur um mánaðartími. Ennfremur hefur áfrýjandi haft nokkra svarðartekju í landi jarðarinnar. Með svo löguðum afnotum, sem nú hefur verið lýst, verður eigi talið, að áfrýjandi hafi haft ábúð í eiginlegri merkingu á hjáleigunni Barði, nje heldur að hann hafi haft arðsama stofnun eða rekið arðsamt fyrirtæki í Hrafnagilshreppi, slíkt sem fyrnefnd lög 9. ágúst 1889 eiga við, og var því eigi heimild til af þeim sökum, að leggja á hann aukaútsvar til tjeðs hrepps. Það verður því að dæma hina áfrýjudu lögtaksgjörð ólögmæta og ber að fella hana úr gildi. Með því að hinir lögteknun munir eru enn óseldir og í vörzlum áfrýjanda sjálfs, eptir því sem upplýst hefur verið í mál-

inu, verður eigi sjeð, að hann hafi beðið neitt tjón við lögtaksgjörðina, er stefnda verði skylduð til að bæta honum, en málskostnað ber hinni stefndu hreppsnefnd að greiða áfrýjanda að skaðlausu.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjanda lögtaksgjörð skal úr gildi felld. Hin stefnda hreppsnefnd Hrafnagilshrepps greiði áfrýjandanum, vicekonsúl J. V. Havsteen, kostnað máls þessa að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. aprílmánaðar.

Nr. 50/1892:

E. Egilsson fyrir hönd

W. Lucasar

gegn

sýslumanni Franz Siemsen.

D ó m u r:

Með stefnu 15. desbr. f. á. hefur E. Egilsson af hendi W. Lucasar áfrýjað til landsyfirdómsins dómi gestarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, gengnum 7. desbr. f. á., en með þeim dómi er hinn stefndi Franz Siemsen sýknaður af kröfum Egilssons fyrir hönd Lucasar, en Egilsson fyrir hönd Lucasar gjört að greiða Franz Siemsen 30 kr. í málskostnað, og krafizt fyrst og fremst, að dómi gestarjettarins verði hrundið og breytt í þá átt, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 1394,80 með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og allan af málinu leiðandi kostnað skað-